

10. fundur stjórnar Stjórnstöðvar ferðamála (SF)

haldinn þriðjudaginn 2. maí 2017 kl. 9:30

Fundarstaður: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Skúlagötu 4

Viðstaddir:

Stjórnarmenn: Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, formaður, Benedikt Jóhannesson, fjármála- og efnahagsráðherra, Björgólfur Jóhannesson, formaður Samtaka atvinnulífsins, Grímur Sæmundsen, formaður Samtaka ferðaþjónustunnar, Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins (kl. 10:15), Þórir Garðarsson, varaformaður Samtaka ferðaþjónustunnar, og Sigrún Blöndal, formaður SSA

Björt Ólafsdóttir umhverfis- og auðlindaráðherra boðaði forföll en Sigríður Auður Arnadóttir ráðuneytisstjóri mætti í hennar stað. Jón Gunnarsson samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra boðaði forföll en Ólafur E. Jóhannsson aðstoðarmaður mætti í hans stað. Halldór Halldórsson formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga var fjarverandi.

Aðrir: Ólafur Teitur Guðnason (ANR), Óskar Jósefsson, framkvæmdastjóri SF og Sigrún Brynja Einarsdóttir (ANR) sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar lá fyrir fundinum til samþykktar og verður birt á heimasíðu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.

2. Starfsreglur stjórnar

Farið var yfir fyrirleggjandi drög að starfsreglum stjórnar. Sigrún Blöndal lagði til að tekið yrði sérstaklega fram í reglunum að þegar trúnaðarmál væru rædd, sbr. 3. gr. fyrirleggjandi draga, yrðu þau bókuð í sérstaka trúnaðarmálabók. Starfsreglur stjórnar voru í kjölfarið samþykktar af öllum viðstöddum með framangreindri breytingu og verða undirritaðar af formanni stjórnar og birtar.

3. Forgangsverkefni, staða og framvinda

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir stöðu forgangsverkefna (tillagna um brýnar og framkvæmanlegar aðgerðir á árinu 2017 á sviði öryggis- og samgöngumála) með vísan til yfirferðar á síðasta stjórnarfundi 4. apríl sl. Fram kom að öll verkefni væru í vinnslu og fyrirséð að þeim myndi ljúka í síðasta lagi fyrir haustið nema námskeiðum á vegum Safe travel sem yrðu í gangi allt árið. Þó væru verkefni „örugg vegútskot“ á ábyrgð innanríkisráðuneytis/nú samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis enn í skoðun, „fjölgun landvarða“ á ábyrgð umhverfis- og auðlindaráðneysis í bið og „aukið öryggi ferðamanna“ hjá lögreglunni á Suðurlandi og Norðurlandi á ábyrgð innanríkisráðuneytis/nú dómsmálaráðuneytis sem ágreiningur væri milli lögreglustjóranna tveggja annars vegar og ráðuneytis hins vegar um hvernig viðbótarfjárveitingu yrði ráðstafað með hliðsjón af þessu skilgreinda verkefni.

Formaður stjórnar upplýsti í umræðum að fjármögnun í tengslum við „fjölgun landvarða“ hefði verið afgreidd af ríkisstjórn föstudaginn 28. apríl sl. Jafnframt sagði formaður stjórnar það vera skýrt af rökstuðningi fjárveitingar til aukins öryggis ferðamanna á Suður- og Norðurlandi hvernig henni væri ætlað að nýtast og óskaði eftir að farið yrði yfir málið á vettvangi Stjórnstöðvar.

Loks kom fram í máli framkvæmdastjóra að fylgja þyrfti framgangi verkefnanna fast eftir til að þeim yrði lokið innan tímamarka en jafnframt að mikil jákvæðni hefði ríkt í garð þeirra og samvinnunnar við Stjórnstöðina af hálfu stofnana og samstarfsaðila.

4. Kynning á niðurstöðum vinnu ráðgjafa um stjórnslu ferðamála

Reynir Kristinsson ráðgjafi hjá NOR ehf. og framkvæmdastjóri fóru yfir úttekt Reynis á stjórnslu ferðamála og tillögur hans að breytingum á stjórnkerfinu. Formaður stjórnar ítrekaði við fundarmenn fyrir kynninguna að einungis væri um tillögur ráðgjafans að ræða en ekki stefnumótun stjórnvalda. Fram kom í máli Reynis að hann hefði farið í gegnum allan þann lagaramma sem varða stjórnslu og stofnanir sem snúa með einum eða öðrum hætti að ferðaþjónustu og kortlagt stöðuna með tilliti til þeirrar einföldunar sem kallað er eftir í Vegvísi í ferðaþjónustu. Langflest ráðuneytin í Stjórnarráðinu færu með einhverjum hætti með málefni sem sneru að ferðaþjónustunni en fæst þeirra heyrðu undir ferðamálaráðherra.

Áfram verður rætt um stjórnslu ferðamála og unnið að einföldun hennar á vegum stjórnvalda.

5. Önnur mál

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir því að farið yrði yfir kynningu verkefna sem veitt var fjármagn til undir yfirheitinu „Áreiðanleg gögn“ á fundi að morgni 4. maí.

Verkefni sem Deloitte vinnur að um tekjuafkomu ríkis og sveitarfélaga vegna ferðaþjónustu er á lokastigi og verður kynnt um miðjan maímánuð.

Fyrir liggur að setjast þarf yfir samþættingu ferðaþjónustu og fjárlagagerðar annars vegar og ferðaþjónustu og samgönguáætlunar hins vegar.

Loks gerði framkvæmdastjóri grein fyrir stöðu annarra verkefna í vinnslu á vegum Stjórnstöðvar og nefndi að með haustinu þyrfti að skoða annars vegar stefnumótun ferðaþjónustunnar og hins vegar mörkun (e. branding).

Fundi slitið kl. 11:00.

Næsti fundur verður haldinn þriðjudaginn 6. júní 2017 kl. 9:30.